



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12.2.2025
Málsnúmer: 202501-0062
IAS

Efni: Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 14. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna geymslu skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar.

„Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE), fyrir hönd utanríkisráðuneytis og Landhelgisgæslu Íslands, áformar að byggja nýja olíubirgðastöð fyrir skipagasolíu við Helguvík í Reykjanesbæ. Jafnframt er áformað að gera viðlegukant við suðvestanverða Helguvíkurhöfn í samstarfi við Reykjaneshöfn (Reykjanesbæ) og Vegagerðina. Framkvæmdin er kostuð af mannvirkjasjóði Atlandshafsbandalagsins (NATO).“

Framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið mikið raskað vegna fyrri framkvæmda, það er utan náttúruverndarsvæða en er á jaðri alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis, Rosmhvalaness, þar sem er langstærsta sílamáfsvarp landsins. Ekki eru nein ósröskuð fjörusvæði á framkvæmdasvæðinu og alaskalúpína er ráðandi á landi. Helsta umhverfisáhrif felst í þeim olíubirgðum sem verða á svæðinu ef óhapp verður og olía berst út í sjó. Á þessu verður tekið með mótvægisáðgerðum, hægt verður að loka höfninni með olíugirðingu og búnaður verður til staðar til að taka upp olíu úr höfninni.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdunum og mögulegum umhverfisáhrifum þeirra og ekki sé þörf á mati á umhverfismati.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur